

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Smiðju
101 Reykjavík

Norðurlandi vestra, 5. febrúar 2026

Efni: Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030.

Umhverfis- og samgöngunefnd kynnir til samráðs mál nr. 322/2025, "Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030". Umsagnarfrestur er til og með 09.02.2026.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) veitir hér umsögn um framlagða samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 og fimm ára aðgerðaráætlun 2026–2030. SSNV fagnar þeirri stefnumörkun sem birtist í áætluninni um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og að markmið um sjálfbærar byggðir verði raunveruleg leiðarljós í forgangsröðun.

Stjórn leggur áherslu á að til þess að markmið áætlunarinnar nái fram að ganga á Norðurlandi vestra þurfi forgangsröðun fjármuna og framkvæmdum að endurspegla raunverulegar aðstæður landsbyggðarinnar, þar sem vegalengdir eru langar, vetrarfærð er krefjandi og samgöngur lykilsenda búsetu, atvinnuþróunar og jafnræðis.

Malarvegir, öryggi og byggðasjónarmið

Stjórn SSNV fagnar sérstaklega áherslu á fækkun malarvega og bætt viðhald vegakerfisins. Á Norðurlandi vestra er hlutfall malarvega hátt og stór hluti skólaaksturs fer fram á slíkum vegum. Þetta hefur áhrif á öryggi barna, ferðatíma, slit ökutækja og rekstrarkostnað sveitarfélaga.

Stjórn leggur ríka áherslu á að við forgangsröðun framkvæmda verði ekki horft eingöngu til umferðartalna heldur einnig til skólaaksturs og öryggis barna, vetrarlokana og afhendingaröryggis, þarfa atvinnulífs og ferðaþjónustu og jafnræðis í aðgengi að þjónustu. Slík nálgun er forsenda þess að samgöngur styðji raunverulega við byggðaðróun.

Vetrarþjónusta sem lykilinnviður

Stjórn fagnar áformum um endurskoðun vinnureglna vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Núverandi kerfi endurspeglar að mati sveitarfélaganna ekki breytt samfélagsmynstur, aukna umferð ferðamanna, stóraukinn skólaakstur og aukna vinnusókn milli byggða.

Sérstaklega er mikilvægt að þjónustustig taki mið af aðstæðum á hverju svæði en ekki eingöngu umferðarmagni. Mikilvægt er að vegir sem skólabílar aka njóti aukins forgangs, hálkuvarnir verði auknar og snjómokstur verði reglulegri til að tryggja öryggi.

Vetrarþjónusta er ekki aðeins öryggismál heldur einnig lykilforsenda heilsársferðarþjónustu og atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra.

Almenningssamgöngur og byggðajafnræði

Stjórn SSNV tekur heilshugar undir markmið um eflingu almenningssamgangna og heildstæða nálgun á leiðakerfi milli byggða. Fyrir Norðurland vestra eru slíkar samgöngur forsenda þess að vinnusóknarsvæði geti stækkað, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun og opinberri þjónustu batni og að loftslagsmarkmið náist með minni notkun á einkabíl.

Samtökin leggja áherslu á að þessi markmið verði studd með nægjanlegu og tryggju rekstrarfé, þannig að landsbyggðin sitji ekki eftir þegar kemur að þróun og þjónustustigi almenningssamgangna.

Farnet og öryggi í dreifbýli

Stjórn SSNV fagnar áherslu á bætt farnetssamband á þjóðvegum en bendir jafnframt á að víða á Norðurlandi vestra er farnet einnig ábótavant til dreifbýlis.

Gott farnet er grundvallaröryggisatriði í neyðartilvikum, mikilvægt fyrir landbúnað, ferðarþjónustu og nýsköpun og forsenda nútímaþjónustu og atvinnu.

Stjórn leggur til að lágmarks farnetsþjónusta verði skilgreind sem hluti af grunnsamgönguinnviðum, ekki eingöngu á stofnvegum heldur einnig á lykilleiðum sem tengja byggð og þjónustu.

Innviðir sem undirstaða verðmætasköpunar

Stjórn SSNV tekur undir áherslu á að samgöngumannvirki séu ekki einungis kostnaður heldur fjárfesting í verðmætasköpun. Vegir, hafnir og tengdir innviðir eru forsenda útflutnings, ferðarþjónustu, atvinnuuppbyggingar og búsetugæða.

Til þess að framtíðarsýn áætlunarinnar um sjálfbærar byggðir nái fram að ganga þarf fjármögnun innviða að vera í samræmi við þann metnað sem settur er fram í markmiðum.

Stjórn SSNV fagnar heildarstefnu samgönguáætlunarinnar og mörgum þeim áherslum sem þar koma fram, sérstaklega um öryggi, viðhald, fækkun malarvega, vetrarþjónustu, almenningssamgöngur og farnet.

Til að áformin skili raunverulegum árangri á Norðurlandi vestra leggja samtökin þó áherslu á að:

- byggða- og öryggissjónarmið ráði forgangsröðun framkvæmda
- vetrarþjónusta verði uppfærð í takt við nútímaþarfir
- almenningsamgöngur fái raunhæfa fjármögnun
- farnet verði skilgreint sem grunninnviður um allt land
- og að saman fari metnaðarfull markmið og raunverulegir fjármunir

Stjórn áskilur sér jafnframt rétt til frekari athugasemda á síðari stigum og lýsir sig tilbúna til samtals við nefndina um málið.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Sveinbjörg/Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri